

HEIMILIS

posturinn

15. TBL. — 2. Árg. — 29. APRÍL 1961 — VERÐ 12 KRÓNUR.


DIMISSIÓN


Í

MENNTA-

SKÓLANUM

VORIÐ 1961





Séð inn í borðstofuna.



Forstofan.

Svefnherbergið.



HIN FULLKOMNA ÍBÚÐ

Við erum stödd í sannkallaðri draumaíbúð, — búin að fara í glæsilegri hraðskreiðri lyftu upp á níundu hæð í stórhýsi. Að íbúðinni sjálfri liggur langur og sólríkur gangur frá brunastiganum, þessari bráðnaðsynlegu undankomuleið, ef rafmagnið skyldi fara. Á ganginum er hitaveitustillingin, sem er sér fyrir íbúðina.

Þegar inn í íbúðina sjálfa kemur, tekur við smekkleg forstofa með rennihurðum fyrir stóru fatahengi. Rennihurðirnar eru alls þrjár í íbúðinni, gerðar af Hansa, og auka mjög á þægindi hennar og svip. Húsgagnavinnustofan Valbjörk á Akureyri hefur smíðað annan húsbúnað í holið, nefnilega símaborðið og gæruskinnskoll.

Við göngum áfram og beygjum til hægri, — inn í eldhúsið. Á því er rennihurð, og strax innan við tekur skemmtilega klæddur Frigidaire-ísskápur, skenkiborð, þar sem hægt er að koma þrem háum stólum við, matkrókur, sem fjórir-fimm geta hæglega matast í, Kenwood-hrærivél á eldhúsborðinu, snotrustu og hagkvæmustu skáp- ar umhverfis Husquarna-eldavélina og sérstakan bökunarofn, blóm í stórum glugganum, sem veit út að svölunum sunnan megin, og er þar jafnframt á hurð út á svalirnar.

Beint inn af forstofunni tekur borðstofan við, og eru allir innan- stokksmunir þar smíðaðir af Valbjörk, en þeir eru borðstofuborð og 6 þægilegir, leðurklæddir stólar umhverfis og snotur, hentugur skápur uppi við vegginn. Uppi á vegg er nýstárlegt og litríkt flosteppi eftir Ásgerði Ester Búadóttur, sem vakið hefur mikla eftir- tekt og aðdáun áhorfenda.

Útsýnið yfir sundin.






Barnaherbergið.

Milli borðstofunnar og setustofunnar er við vesturvegginn sérkennilegur, líglaklæddur stöppull, en annars er opið á milli stofanna. Setustofan er björt og afar viðfeldin. Umhverfis tvö lág sófaborð, smíðuð af Húsgagnavinnustofunni, Hafnarfirði, eru tveir stoppaðir teak-stólar með þreyfanlegu baki, en þetta er nýja borðstofustóllagerðin frá Valbjörk, sem engu minni sýna sér með ágætum í setustofu, eins og sést þarna, fjórfaldur sófi frá HH, og nokkrir kollar með viðsnúanlegri setu, og geta þeir jafnframt verið smáborð. Og ekki má gleyma skemmtilega kampavinskælinum frá Dansk Design. Á austurveggnum er hillusamstæða frá Hansa, hentugar hillur og skápar. Á þeim stendur Philco-útvarp og listaverk eftir Gerði Helgadóttur, sérkennilega skemmtilegt. Á vesturveggnum blasir við mynd eftir Jón Engilberts, sem maður hlýtur að staldra stundarkorn hjá... Stór glugginn veit út að svölunum, og eru fyrir honum létt, þunn glugga-tjöld, svo að birtan komist sem óhindraðast inn; þau er ufrá Gluggatjöldum, Kjörgarði.

Eftir að hafa gengið út á svalirnar og undrast útsýnið og hæðina höldum við áfram könnunarferðinni. Inn af forstofunni, til vinstri, er rennihurð fyrir löngum gangi, en við hann eru ótaldar vistarverur íbúðarinnar. Vinstra megin við ganginn er snyrtiherbergið með Hoovermatic-þvottavélinni. En hægra megin gangsins eru tvö herbergi. Barnaherbergi með þægilegum, látlausem legubekk frá HH, skrifborði og skrifborðsstól frá Valbjörk, hillusamstæðu frá Hansa og smáborð frá Valbjörk. Uppi á veggnum er málverk eftir Barböru Arnason. Húsgagnavinnustofan, Hafnarfirði, hefur smíðað alla innanstokksmunina í svefnherbergið, tvíbreitt, notalegt rúmið með áföstum náttborðum, snyrtiborð með tilheyrandi skápum og spegli og þægilegum kollum. Uppi á veggnum er svo sérkennilegt veggteppi eftir Dolindu Tanner, og gefur herberginu enn viðfeldnari svip. Vesturveggurinn allur er samfelldur, innbyggðir skápar, hentugar og rúmgóðir.

Stór svefnherbergisglugginn veit út að svölunum norðanmegin. Fyrir enda gangsins er svo loks sérstakt húsbóndaherbergi í huggulegum króki, bjart og vistlegt. Það er búið hillusamstæðu frá Hansa, með tilheyrandi skápum, skrifborði og skrifborðsstól frá Valbjörku og mjúkstoppuðum hægindastól með fótskemli frá HH. Hægindastóllinn vekur sérstaka eftirtekt okkar, og það er ekki hægt að stilla sig um að prófa hann. Axel Sigurðsson, verzlunarstjóri í Markaðnum, sem verið hefur með okkur á yfirlitsferðinni.

Elldhúsið



Listaverk — og kjöllinn frúarinnar módel frá Markaðnum.

rifjar upp nafnið, sem Páll Skúlason gaf sínum mjúka hægindastól. Hann nefndi hann Búkarest, og virðist heitið hæfa þessum nýja engu síður.

Við göngum út á svalirnar og virðum fyrir okkur útsýnið til norðurs...

ÞAÐ ER ekki að furða, þótt þúsundir Reykvíkinga, sem undanfarið hafa skoðað þessa íbúð, hafi hrifist af henni. Hún er á efstu hæð stórhýsisins við Hátún 4 og er aðalvinningurinn í Happpdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna á þessu happpdrættisári. Hún er alls 180 fermetrar að flatarmáli, stórglæsilega skipulögð.

HEIMILISPÓSTURINN átti fyrir nokkru tal við Ragnar Þórðarson, eiganda Markaðsins, til að forvitnast um nýjungar í hífyladeildinni, sem hann hefur rekið með glæsibrag um nokkurt skeið. Benti hann okkur þá á happpdrættisíbúðina, sem hífyladeildin hefur annast innréttingu á, til þess að gefa mönnum nokkra hugmynd um möguleikana, sem hún gefur, og fórum við þá þangað, sáum og hrifumst.

Það er hífylasérfræðingur Markaðsins, Guðrún Jónsdóttir, sem hefur annast uppsetningu og niðurskipun innanstokksmunanna af eftirtektarverðri smekkvísi. Hún hefur notað tiltölulega minna af húsgögnum en yfirleitt er gert í íbúðum, en svo hagkvæmlega, að ekki verður á betra kosti. Það er enginn hlutur óþarfur, en ýmislegt smávegis vantar, og það er hreint furðulegt, hvað hlutir, þótt ekki séu fyrirferðamiklir, geta sett mikinn svip á umhverfið.

Það fer naumast á milli mála, að íbúðin sjálf sé um milljón króna virði, — útsýnið má alltaf reikna á eitthvað! Og ætli innanstokksmunirnir kosti ekki eitthvað á þriðja hundrað þúsund... En því verður sá heppni, tilvonandi eigandi að ráða, þegar þar að kemur.

Húsbóndaherbergið.

